

108

7. nóv.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að öðru en því, er snertir tilgang sjóðsins, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna á almennum hreppsfundi samþykkja.

7. gr.

Tilgangi sjóðsins verður ekki breytt nema $\frac{3}{4}$ atkvæðisbærra hreppsbúa samþykki, enda verði arði sjóðsins varið til einhverra opinberra almennra fyrir-tækja eða framkvæmda innan hreppsins.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Á hreppsfundi, sem haldinn var að Valhöll 16. maí 1932, var ofanskráð skipulagsskrá samþykkt í einu hljóði.

F.h. hreppsnefndar Þingvallahrepps.

Jón Guðmundsson.

109

14. nóv.

REGLUGERÐ

um

framkvæmd laga nr. 70, 23. júní 1932, um gjaldfrest bænda.

1. gr.

Þeir, sem landbúnað hafa að aðalatvinnu, eiga rétt á að fá gjaldfrest á skuldum sínum eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 70, 23. júní 1932.

Fresturinn nær aðeins til höfuðstóls þeirra skulda, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1932. Fresturinn nær ekki til opinberra skatta og gjalda, né heldur til skulda, sem stafa af ógreiddu verkakaupi eða aflahlut.

2. gr.

Í sýslufélagi hverju og kaupstað skal skipa nefnd þriggja manna til að inna af hendi það starf, sem lög þessi ákveða, og jafnmarga til vara. Nefnd þessi, sem heitir skilanefnd, skal skipuð þannig, að atvinnumálaráðherra tilnefni formann, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hina tvo. Um val varamanna fer eftir sömu reglum. Skilanefndarmenn skulu vera búsettir á starfssvæði sínu.

Í hverri skilanefnd skulu vera að minnsta kosti tveir menn, sem góða þekkingu hafa á atvinnurekstri bænda og yfirleitt skal velja nefndarmenn þannig, að þeir séu sem bezt kunnugir högum bænda í umdæmi sínu.

3. gr.

109

14. nív.

Nú telur atvinnurekandi, sem um ræðir í 1. gr., sig ekki geta innt af hendi umsamdar eða umkrafðar afborganir skulda, er á honum hvíla, og hann nær ekki þeim samningum við lánardrottna sína, sem hann treystist að uppfylla, og er honum þá rétt að snúa sér til formanns skilanefndar með skriflega beiðni um að njóta verndar þeirrar, sem téð lög heimila. Beiðninni skal fylgja:

- a. Afrit af síðustu skattskýrslu, staðfest af formanni skattanefndar, ef nefndin óskar þess.
- b. Skrá yfir ábyrgðir beiðanda og skulu henni fylgja:
 1. Upplýsingar um eftirstöðvar þeirra lána eða skuldbindinga, sem hann er ábyrgur fyrir, eins og þær voru á síðasta gjalddaga, greiðsluskilmála þeirra og vaxtakjör, svo og hvort skuldin sé í vanskilum eða ekki.
 2. Nafn og heimilisfang samábyrgðarmanna fyrir hverri einstakri ábyrgð, er á beiðanda hvílir, svo og upplýsingar um aðrar tryggingar, sem fyrir skuldinni kunna að vera.
- c. Skýrsla um breytingar, sem orðið hafa á efnahag eða ástæðum beiðanda síðan skattskýrsla var gefin.
- d. Sundurliðuð skrá um skuldir, og skulu tilgreindir eigendur þeirra, greiðsluskilmálar, vaxtakjör og tryggingar, svo og hvort skuldir séu í vanskilum eða ekki.

Skilanefnd getur krafizt þess, að skýrslum þessum fylgi vottorð hreppstjóra (bæjarstjóra) um að þær séu sannar og réttar, eftir því sem honum er bezt kunnugt.

4. gr.

Nú hefir formanni skilanefndar borizt beiðni eins og í 3. gr. getur, og skal hann þá þegar tilkynna það dómara þeim, sem í hlut á, og senda tilkynninguna í ábyrgðarbréfi, ef hún er lätin í póst. Jafnframt skal beiðni og tilkynningar getið í gerðabók skilanefndar. Upp frá því er aðför gegn beiðanda óheimil til fullnustu þeim skuldum, sem greiðslufrestur gæti fengizt á samkvæmt reglugerð þessari, þar til úrskurður skilanefndar um, að frestur verði ekki veittur, er fallinn. Hið sama er um málssókn á hendur beiðanda, nema um skuld sé að ræða, sem ekki er viðurkennd. Með sama skilorði er óheimil málssókn eða aðför gegn ábyrgðarmönnum beiðanda til fullnustu ábyrgðarskuldbindingum þeirra.

5. gr.

Svo fljótt sem ástæður leyfa, skal formaður, er honum hefir borizt gjaldfrestsbeiðni, kveðja skilanefnd til að taka beiðnina til meðferðar og rannsaka hana nákvæmlega. Hún heimtar frekari skýrslur af beiðanda, ef hún telur nauðsyn á. Auk þess getur hún leitað frekari upplýsinga hjá lánardrottnum beiðanda, ef henni þykja skýrslur hans ófullnægjandi á einhvern hátt. Hún á kröfu á að fá hjá formönnum skattanefnda allar þær upplýsingar um hag þeirra, sem

109 beiðandi er í ábyrgð fyrir, er skattskýrslur þeirra geta veitt, enda er skilanefnd 14. nóv. í öllum störfum sínum bundin sömu þagnarskyldu og skattanefndir.

Þyki skilanefnd vafi á, hvort beiðandi hafi landbúnað að aðalatvinnu, getur hún leitað álits hlutaðeigandi yfirskaðanefndar um þetta atriði, áður en hún leggur úrskurð á málið.

6. gr.

Þegar skilanefnd hefir fengið þau gögn, sem hún telur þörf á til þess að úrskurða um málið, fellir hún úrskurð sinn eins fljótt og við verður komið, og eigi síðar en 3 mánuðum eftir, að frestbeiðni barst henni, nema leita þurfi skýrslna úr fjarlægum landshlutum. Lengur en 5 mánuði frá móttöku frestbeiðni má úrskurður þó aldrei dragast.

Í skilanefnd ræður afl atkvæða úrslitum, enda taki þrír skilanefndarmenn þátt í úrskurði.

7. gr.

Skilanefnd skal hafa gerðabók. Sýslumaður eða bæjarfógeti löggildir hana, en í Reykjavík lögmaður. Í gerðabók skal skrá allar ályktanir og úrskurði skilanefndar og stutt yfirlit yfir það, sem fram fer á fundum hennar. Þar skal og getið móttökudags frestbeiðna.

8. gr.

Skilanefnd á rétt á, ef hún telur ástæðu til, að kalla fyrir sig gjaldfrestsbeiðanda, lánardrottna hans og þá, sem hann er í ábyrgð fyrir, eða umboðsmenn þeirra, til þess að reyna að koma á samkomulagi um frest honum til handa. Ef samkomulag næst, skal niðurstaðan skráð í gerðabók, og gildir hún sem úrskurður væri. Ef samkomulag næst ekki, gengur málið til úrskurðar skilanefndar. Þegar nefndin hefir fellt úrskurð, skal hún þegar tilkynna hann frestbeiðanda og lánardrottnum hans eða umboðsmönnum þeirra og ennfremur hlutaðeigandi dómara úrslit málsins, hvort sem orðið hafa með samkomulagi eða úrskurði.

9. gr.

Einróma úrskurði skilanefndar verður ekki áfrýjað, en verði nefndarmenn ekki á eitt sáttir, getur frestbeiðandi eða skuldheimtumaður áfrýjað til atvinnuáráðuneytisins úrskurði nefndarinnar innan 6 vikna frá uppkvaðningu hans og kveður það upp fullnaðarúrskurð eins fljótt og verða má.

Úrskurðir skilanefndar og ráðuneytis eru bindandi fyrir aðilja sem dómur væri.

10. gr.

Skilanefnd er óheimilt að úrskurða gjaldfrestsbeiðanda frest á afborgunum, ef hún telur:

1. Að hann geti innt þær af hendi eftir samningum eða kröfum án verulegs hnekkis þeirri atvinnu hans, sem í 1. gr. getur.

2. Að hann sé líklegur til að nota frestinn til að rýra tryggingar skuldunauta **109**
sinna. 14. nóv.
3. Að ástæður hans séu svo erfiðar, að ekki séu líkur til, að hann geti uppfyllt skuldbindingar sínar í venjulegu árferði.
4. Að hann eigi ekki fyrir skuldum, þegar lagt er til grundvallar:
- a. Á fasteignum gildandi fasteignamat.
 - b. Á bústofni, húshlutum, bátum, veiðarfærum og öðrum eignum meðaltal þess verðs, sem lagt er til grundvallar mati við framtal til tekju- og eignarskatts þrjú síðustu árin.
 - c. Um ábyrgðir, hverjar líkur séu til, að þær falli á hann.

11. gr.

Nú telur skilanefnd, að gjaldfrestsbeiðandi falli ekki undir ákvæði 10. gr., og úrskurðar hún honum þá frest á þeim afborgunum, sem hann, að álitum hennar, getur ekki innt af hendi án verulegs hnekkis fyrir atvinnu þá, sem í 1. gr. getur.

Gjaldfrestur, sem skilanefnd þannig úrskurðar, telst frá þeim degi, er úrskurðurinn var kveðinn upp.

12. gr.

Skilanefnd má ekki úrskurða frestbeiðanda lengri frest en 1 ár, talið frá úrskurðardegi.

13. gr.

Fjármálaráðherra hefir heimild til, að fengnum tillögum þeirra lánsstofnana, sem gefa út vaxtabréf, að ákveða dráttarvexti af vaxtabréfalánum. Skal birta þá ákvörðun í Lögbirtingablaðinu.

14. gr.

Nú kemur það í ljós, að gjaldfrestsbeiðandi hefir skýrt skilanefnd rangt frá fjárhag sínum, eða hagur hans hefir breytzt í verulegum atriðum, og getur nefndin þá fellt úr gildi úrskurð sinn eða breytt honum, ef atvik eru þannig, að þau hefðu leitt til annarrar niðursiððu, ef kunn hefðu verið, er úrskurðað var í byrjun.

Nú er úrskurði skilanefndar áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins, en það breytir úrskurðinum og telst þá gjaldfresturinn eigi að síður frá þeim degi, er skilanefnd úrskurðaði málið.

15. gr.

Nú þykast skuldheimtumenn verða þess varir, að skuldunautur noti frest, sem hann hefir fengið samkvæmt reglugerð þessari, til þess að rýra tryggingar skuldheimtumanna sinna, og geta þeir þá kært þetta fyrir skilanefnd. Skilanefnd skal þá, svo fljótt sem því verður við komið, rannsaka, hvort slíkar kætur eru á rökum byggðar og getur, ef þurfa þykir, kallað skuldunaut fyrir sig, til

109 þess að gefa þær skýringar, sem henni þykir þurfa. Sannist það, að skuld-
 14. nóv. nautur hafi þannig misnotað gjaldfrestinn, getur skilanefnd ógilt þær ráðstaf-
 anir, sem hann hefir gert í þessu skyni, en gera skal hún það innan fjögurra
 mánaða frá því, er slíkar ráðstafanir voru gerðar, og auk þess skal hún þá svipta
 skuldunaut þeirri vernd, er hann hafði fengið samkvæmt reglugerð þessari.

16. gr.

Nú þarf fjármálaráðherra að nota lántökuheimild þá, sem honum er veitt
 í 16. gr. téðra laga, og fer þá um greiðsluskilyrði og vaxtakjör þeirra lána, sem
 þannig eru veitt skuldunautum, er greiðslufrest hafa fengið, samkvæmt reglu-
 gerð þessari, eftir því sem ákveðið verður, með tilliti til þeirra lánskjara, sem
 ríkissjóður verður að hlíta um lán það, er hann tekur í þessu skyni.

17. gr.

Nú verður ágreiningur milli lánsstofnana þeirra eða verzlunarfyrtækja,
 sem um ræðir í 16. gr. laganna, og lánardrottna þeirra um það, hvort fram-
 kvæmd laganna hafi bakað þeim þá greiðsluörðugleika, að þeirra vegna beri að
 veita hinum fyrrgreindu þá vernd, sem téð lagagrein heimilar, og er þá hlutað-
 eigandi skilanefndum skylt að láta aðiljum og hlutaðeigandi dómara í té allar
 nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi.

18. gr.

Fyrir störf skilanefndar greiðist sem hér segir:

Í kaupstöðum fær hver nefndarmanna 7 krónur fyrir hvern dag, sem
 þeir eru að störfum og kosti þeir nefndarstörfin að öllu leyti.

Í sýslum fær hver nefndarmanna 10 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru
 að störfum, þar með taldir þeir dagar, sem þeir eru á nauðsynlegu ferðalagi á
 nefndarfundi, þó greiðist auk þessa fargjald með skipum og gjald fyrir sæti í bif-
 reiðum á fundi nefndarinnar.

Fyrir störf formanns utan funda og fyrir skriftir má greiða sérstaka
 hæfilega þóknun eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið úrskurðar ásamt
 öðrum reikningum nefndarmanna.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr
 hlutaðeigandi sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 70, 23. júní 1932,
 um gjaldfrest bænda, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öll-
 um, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. nóvember 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.